

## Skólaráðsfundur 4. maí 2011

Fundinn sátu:

Óskar Björnsson, Steinunn Valdís Jónsdóttir, Hulda Jónsdóttir, Ólafur Björn Stefánsson Guðbjörg Helgadóttir, Inga Lára Sigurðardóttir, Helga Þórsdóttir og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Skóladagatal 2011-12
2. Skólastarfið til vors
3. Önnur mál

1. Skóladagatal 2010-2011.

Rætt um skóladagatal næsta skólaárs. Í drögum að skóladagatali 2010-11 hafa skólaslit verið flutt til 1. júní. Skóladagatalið á eftir að fara aftur fyrir starfsmannafund og fræðslunefnd.

2. Skólastarfið til vors.

Þessa dagana er verið að leggja lokahönd á vordagskrár allra árganga og verður dagskráin send heim og sett á vefsíðu skólans. Skólaferðalög og vorferðir nemenda eru með sama sniði og undanfarin ár, 10. bekkur fer í skólaferðalag til Danmerkur 16. – 20. maí, 7. bekkur fer í 3ja daga ferðalag um Suðurland nú í maí og hafa báðir árgangarnir safnað fyrir sínum ferðum í ferðasjóð. Aðrir bekkir fara í hefðbundnar dagsferðir.

Kynnt var verkefnið „Hugsað um barn“ sem verður í 9. bekk 10. - 12. maí. Síðasti hefðbundni kennsludagurinn hjá 10. bekk er 13. maí, en þá koma foreldrar að venju í skólann til morgunverðar með nemendum kl. 07:00, en nemendur taka síðan á móti starfsfólki þegar það mætir til vinnu með skemmtilegri uppákomu.

3. Önnur mál.

- Skólaslit verða 3. maí, yngri bekkir eftir hádegi og 9. og 10. bekkur um kvöldið kl. 20:00.
- Kynntar voru breytingar á starfsliði næsta skólaár, en ekki er gert ráð fyrir miklum nýráðningum, heldur reynt að spara með tilfærslum.
- Í sumar verður væntanlega farið í viðhald á gluggum í eldri hluta skólahúsnæðisins við Skagfirðingabraut, auk þess sem keyptir verða sófar til að leysa úr skorti á aðstöðu fyrir nemendur í frímínútum.
- Aðalfundur foreldrafélagsins verður væntanlega að vori að þessu sinni og framvegis vegna lagabreytinga um foreldrafélög.
- Sameiginleg innkaup á námsgögnum fyrir nemendur eru í skoðun hjá skólanum.

- Umferðarmál frá síðustu fundargerð eru í athugun og gert er ráð fyrir heimsókn lögreglu í maí.
- Ákveðið að starfsáætlun skólaráðs fyrir næsta skólaár bíði haustsins fyrir nýtt skólaráð.

Næsti fundur skólaráðs fyrirhugaður miðvikudaginn 1. júní kl. 15:30.